



# Málþing Stapaskóla

UPPSKERUHÁTÍÐ VETRARINS

FÖSTUDAGINN 15. MAÍ

KL. 08:30 - 12:30

Á SAL SKÓLANS

*Teymi skólans kynna fjölbreytt  
verkefni vetrarins*

GESTIR VÉLKOMNIR

# DAGSKRÁ

## **Kl. 08:30 - Náttúruhamfarir á Íslandi – Samþætt verkefni í 4. bekk.**

Kynnt verður samþætt verkefni í 4. bekk með áherslu á upplýsingatækni og læsi fyrir lífið, þar sem nemendur lesa, skilja og miðla upplýsingum úr samfélags og náttúrufræði. Einnig er fjallað um mikilvægi skýrrar leiðsagnar, þar sem færnin krefst markvissrar þjálfunar. Markmiðið er að sýna hvernig samþætt og virkt nám eykur áhuga og dýpkar skilning nemenda.

## **Kl. 08:45 - Byrjendalæsi og samþætting í 3. bekk**

Farið verður yfir hvernig unnið er með Byrjendalæsi í samþættingu námsgreina, þar sem lestur, ritun og skilningur eru tengd við fjölbreytt viðfangsefni. Sýnt verður hvernig þessi nálgun styður við heildstæða færni, virkni og áhuga nemenda á námi.

## **Kl. 09:00 - Skriftaráttak 2. bekkjar**

Farið verður yfir hvernig unnið var markvisst að því að efla skrift, fínhreyfingar og vinnubrögð nemenda með fjölbreyttum og hvetjandi æfingum, skýrri leiðsögn og reglulegri endurgjöf. Einnig verður sýnt hvernig verkefnið jók áhuga, þrautseigju og færni nemenda.

## **Kl. 09:15 - Skapandi skrif og lestrarátök - 6. bekkur**

Farið verður yfir hvernig unnið hefur verið með skapandi skrif í 6. bekk, þar sem nemendur þróa hugmyndir sínar og tjá sig á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á keðjusögur sem samstarfsverkefni og margvísleg lestrarátök sem efla lestraráhuga, þrautseigju og virkni nemenda.

## **Kl. 09:30 - Íþróttakennsla í Stapaskóla**

Farið verður yfir þróun íþróttakennslu í Stapaskóla frá því að skólabyggingin var tekin í notkun, með áherslu á skipulag, aðstöðu og helstu áherslur í kennslu. Einnig verður fjallað um þátttöku starfsfólks í Lífshlaupinu, hvernig það er útfært innan skólans og hvaða áhrif það hefur haft á heilsueflingu, samstöðu og jákvæða menningu í starfsmannahópnum.

## **Kl. 09:45 - Pottaumsjón - 7. bekkur.**

Fjallað verður um hvernig umsjónartímar í heita pottinum pottaumsjón hafa nýst sem vettvangur til að efla tengsl milli nemenda og starfsfólks, skapa traust og opnari samskipti, og styðja við skemmtilega og innihaldsríka umræðu. Dæmi verða tekin um hvernig skipulag og markviss nálgun getur aukið þátttöku nemenda og dýpkað samverustundirnar.

## **Kl. 10:00 - Kaffihlé**

## **Kl. 10:30 - Krístín YAPpar með nemendum – Snemmtæk íhlutun á sviði hreyfifærni**

Farið verður yfir YAP, Young Athletes Program, aðferðafræðina og hvernig við nýtum efnið á leikskólastigi skólans. YAP er snemmtæk íhlutun á sviði hreyfifærni sem hentar öllum börnum, en sérstaklega þeim sem hafa frávik eða sérþarfir. Markmiðið er að efla hreyfiþjálfun, auka virkni og styðja við jákvæða þátttöku barna í leik og starfi.

## **Kl. 10:45 - Mikilvægi þess að hafa fjölbreytta kennslu í 1. bekk**

Fjallað verður um skapandi og fjölbreyttar kennsluaðferðir sem nýtast í þemaverkefni um hafið og lífverurnar sem þar búa. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að mæta ólíkum þörfum nemenda með fjölbreyttum leiðum í námi, svo allir fái tækifæri til að taka þátt, skilja viðfangsefnið og njóta sín. Sýnd verða dæmi um verkefni, samþættingu námsgreina og leiðir til að efla áhuga, virkni og skilning ungra nemenda á hafinu og fjölbreyttu lífríki þess.

# DAGSKRÁ

## **Kl. 11:00 - Spilatímar – Allir með við borðið - 8. bekkur**

Fjallað verður um vikulega spilatíma þar sem nemendum er raðað af handahófi í hópa. Markmiðið er að efla samskiptafærni, bæta bekkjaranda og skapa jákvæð tengsl. Gerð verður grein fyrir framkvæmd og áhrifum spilatímanna á samvinnunám, sem og hvernig fylgst er með þátttöku og tekið tillit til ólíkra þarfa, þar á meðal mismunandi tungumálakunnáttu, meðal annars með vali á spilum sem henta öllum.

## **Kl. 11:15 - Lestur og samvinna: lesið til árangurs - 5. bekkur.**

Fjallar um PALS ferðalagið okkar, þar sem við skoðum hvernig samvinna nemenda styður við aukinn lesskilning og virkni, ásamt vinnu með Snorra sögu og Bláa hnettinum sem dæmi um markvissa og fjölbreytta nálgun í lestri.

## **Kl. 11:30 - Teams heimalestur - 9. bekkur**

Farið verður yfir innleiðingu heimalesturs í gegnum Microsoft Teams, þar sem nemendur lesa upp og skila inn í formi myndbands eða hljóðupptöku. Sýnt verður hvernig þessi nálgun eykur yfirsýn, endurgjöf og virkni í lestri. Einnig verður fjallað um þann árangur sem náðst hefur og þann sýnilega mun sem orðið hefur á lestrarfærni nemenda.

## **Kl. 11:45 - Vikupistlar – böll eða blessun - 10. bekkur**

Hvernig getum við nýtt vikupistla markvisst til að efla jákvætt viðhorf foreldra til starfsins í skólanum og styrkja metnað nemenda? Við höfum ekki öll svörin en viljum deila nálgun okkar, prófa okkur áfram og skoða hvaða áhrif slík samskipti geta haft.

## **Kl. 12:00 - Leikskólastig Stapaskóla – Hvað gerum við á leikskólastigi?**

Farið verður yfir starf leikskólans og skipulag þess. Sagt verður frá því sem unnið er með leikskólabörnum Stapaskóla, hvað er framundan og deilt hugmyndum og áherslum sem móta starfið.